

Mál nr. 35/2006
M
og
Vátryggingafélagið V h.f.

Ágreiningur um greiðslu líftryggingar við lát tryggingartaka þ. 22.6.2005.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.21.2.2006.ásamt fylgiskjöllum nr. 1-15
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.75/06
3. Bréf V dags. 2.3.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-6

Málsatvik.

S eiginmaður M tók líftryggingu þ.22.9.1995 hjá ofangreindu tryggingafélagi og gaf ákveðnar upplýsingar um heilsu sína og önnur atvik sem eftir var leitað á þeim tíma. S andaðist þ. 22. júní 2005 og krefst M bóta úr líftryggingu hans hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir að S hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar. Af hálfu M er haldið fram að hún eigi rétt til tryggingarbóta og heldur því m.a. fram að ekkert liggi fyrir um að V hefði ekki tekið á sig trygginguna hefðu ákveðnar upplýsingar legið fyrir um heilsufar S. V hafnar bótaskyldu og bendir á að S hafi í umsókn sinni um líftryggingu svarað því neitandi að hann reykti eða hefði reykt s.l. 12. mánuði. Einnig hafi hann svarað neitandi spurningu um hvort hann tæki lyf að staðaldri og hvort hann hafi orðið fyrir hjarta-eða æðasjúkdómi eða haft of háan blóðþrýsting. Af hálfu V er á það bent að S hafi fengið kransæðastíflu fyrir töku tryggingarinnar, hann hafi verið á lyfjum og hafi verið stórreykingamaður og vísar V til gagna í því sambandi.

Álit.

Lögð hafa verið fram gögn í málinu sem sýna að S á nokkra sjúkrasögu allt frá árinu 1979. Skv. Yfirlýsingu heilsugæslulæknis frá 7.9.1995 kemur fram m.a. að S hafi fengið hjartainfarct þ.29.8.1995 og S reyki um einn og hálfan pakka af sígarettum á dag en hafi hætt við kransæðastífluna. Ljóst er að upplýsingar sem að S gaf við töku tryggingar um mánuði frá því tilviki sem var tilefni ofangreinds læknisbréfs eru ekki réttar og þegar af þeirri ástæðu er ekki um bótaskyldu V að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr líftryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á líftryggingabótum úr hendi V.

Reykjavík. 14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.